



EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Samstæðuársreikningur 2010	
- Skýrsla stjórnar	6
- Áritun óháðs endurskoðanda	7
- Rekstrarreikningur	8
- Efnahagsreikningur	9
- Sjóðstreymi	10
- Skýringar	11

Hönnun: Stíll.

Prentun: Ásprent og Stell.

Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson.



Ágætu félagsmenn.

Margir litu til ársins 2010 sem ársins þar sem markverð framþróun yrði í þeim stóru og erfiðu málum sem að þjóðinni stöðjuðu eftir fall bankanna haustið 2008. Árið eftir hrun fór að mestu í að endurreisa fjármálakerfið sem vissulega var forsenda endurreisnar. Vonir stóðu því til að endurskipulagning viðskiptamanna bankanna yrði í forgrunni á árinu 2010. Þær vonir gengu ekki eftir nema að mjög takmörkuðu leyti. Fjölmargir aðilar hafa lýst vonbrigðum með síðasta ár og það gerum við einnig hvað varðar þá umgjörð sem félagið starfar í. Í raun mætti endurtaka skýrslu undirritaðra frá síðastliðnu ári en flest sem þar var sagt á enn við í dag.

Undir lok árs hóf stjórn endurmat á gildandi stefnumótun félagsins og í upphafi þessa árs lá sú niðurstaða fyrir að ekki væri tímabært að breyta stefnu félagsins svo neinu nemi vegna þeirra ytri aðstæðna sem nú ríkja. Það er mat stjórnar að ekki hafi skapast aðstæður og umgjörð sem gefa færi til að láta reyna á þessa stefnu. Vonir standa til að innan ekki langs tíma sjáist breytingar í þá átt að nýjum fjárfestingarverkefnum fjölgi. Það er þó svo að ný fjárfestingarverkefni eru ekki einu verkefni félagsins. KEA á eignarhluti í hinum ýmsu fyrirtækjum sem kalla á umsýslu og eftirlit en það vill oft gleymast í umræðunni. Upplýsingar um þessi verkefni má finna á heimasíðu félagsins.

Fjármálafyrirtæki og kröfuhafar hafa það í hendi sinni hvernig framvinda verður í endurskipulagningu og eftir hendinni eigendabreytingum fyrirtækja því samhliða. Mjög stórt hlutfall fyrirtækja er beint eða með óbeinum hætti í fangi þessara aðila og þeir ráða miklu um það með hvaða hætti og á hvaða hraða þessir hlutir gerast. Þetta hefur bein áhrif á þá möguleika sem KEA kunna að bjóðast í því að ná fram stefnumótun sinni, þ.e.a.s. að fjárfesta í meirihlutaeign í rekstrarfélögum sem mynda samstæðu KEA í framhaldinu.

Afkoma síðastliðins árs er þolanleg miðað við aðstæður. Stöðugt vaxtalækkunarferli var framan af ári sem svo endaði með stórfelldri leiðréttingu í september þar sem skuldabréfamarkaður lækkaði um áður óþekkt hlutföll á nokkrum dögum. Þetta hafði einhver áhrif á heildarniðurstöðu ársins en ekki ráðandi. Fyrirtæki sem KEA á eignarhluti í vegnaði verr á síðastliðnu ári heilt yfir en staða einstakra verkefna er mjög misjöfn. Sú staðreynd ræður mestu um afkomu ársins þar sem gangvirðisbreyting fjáreigna var neikvæð en var jákvæð á árinu áður. Efnahagur félagsins er áfram traustur og fjárfestingargeta er til staðar. Félagið er nánast skuldlaust.

Þrátt fyrir þessar erfiðu ytri aðstæður skoðaði félagið nokkur stór verkefni á síðastliðnu ári en ekki varð af fjárfestingum. Aðeins varð um minniháttar fjárfestingar að ræða í Sparisjóði Höfðhverfinga sem og þátttöku í hlutfjárfestingu norska fasteignafélagsins CCP.

Þrátt fyrir hagnað á síðastliðnu ári eru horfur á þessu ári hvað tekjuöflun félagsins varðar ekki eins góðar. Vaxtastig hefur lækkað töluvert og óvíst hvort það lækkar frekar. Innlánskjör banka og sparisjóða hafa einnig lækkað mikið. Vegna þessara aðstæðna og í ljósi samsetningar eigna félagsins þar sem stórt hlutfall er laust fé er ljóst að erfitt mun reynast að halda félaginu í hagnaði.

Félagsmönnum fjölgaði um 830 á síðastliðnu ári eða um 5%. Ánægjulegt er að sjá fjölgun félagsmanna og það er hvatning í því að halda vel á spilunum hvað KEA kortið varðar. Samstarf KEA við viðskiptaaðila KEA kortsins hefur verið gott og vert er að þakka þessum aðilum fyrir jákvætt og uppbyggilegt samstarf.

Mikilvægt er að stjórnvöld reyni að draga markvisst úr óvissu sem gerir um leið fyrirtækjum og einstaklingum auðveldara að takast á við framtíðina, hvort sem um fjárfestingar, kjarasamninga eða hefðbundna áætlunargerð er að ræða. Telja verður að þetta sé brýnasta úrlausnarefnið nú um stundir. Hvernig tekst til hvað þetta varðar mun hafa bein áhrif á það hvernig tekst að ná fram stefnumörkun félagsins. Það eru merki uppi um að hér ríki skuldakreppa en þá umgjörð efnahagslífs vilja sem flestir forðast. Við trúum því að viðspyrna náist fljótt, dugleg þjóð vinnur sig fljótt út úr þessari stöðu þegar viðspyrnu hefur verið náð. Við höfum sem betur fer mikla auðlegð í fólkinu og náttúruauðlindum í víðri skilgreiningu þess orðs. Fáar þjóðir búa við slík skilyrði og það þurfum við alltaf að vera meðvituð um þegar okkur virðist útlitið dökkt. Þó bankahrunið hafi skilið eftir sig djúp sár víða verður þjóðin að skilja við það tímabil og eftirhreytur þess og halda áfram með lærdóm bankahrunsins í farteskínu.

Mörgum okkar þykir biðin erfið. Of fáu stýrum við þó beint þar sem ytri aðstæður ráða miklu um för. Í þeirri von að ytri aðstæður batni er það trú okkar að félaginu lánist að finna áhugaverð verkefni sem falla að stefnu þess. Að því verður unnið af kappi en um leið forsjá.


Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri


Hannes Karlsson
stjórnarformaður

SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2010
KEA svf.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður KEA á árinu 2010 nam 101,3 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 4,3 milljörðum króna í árslok, bókfært eigið fé var 4,2 milljarðar króna og eiginfjárlutfall félagsins 97,9%.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.


Eignaraðild

Í lok ársins voru félagmenn í KEA svf. 17.355 talsins en voru 16.525 í upphafi árs.

Stjórn KEA svf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með áritun sinni.

Akureyri, 18. apríl 2011

Í stjórn:




Hannes Karlsson
formaður




Björn Friðbjólfsson
varaformaður




Erla Björg Guðmundsdóttir
ritari



Jóhannes Ævar Jónsson
meðstjórnandi



Hallur Gunnarsson
meðstjórnandi



Birgir Guðmundsson
meðstjórnandi



Ólína Freysteinsdóttir
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:



Halldór Jóhannsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsmanna KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2010, efnahag 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 18. apríl 2011

PricewaterhouseCoopers ehf.



Davíð Búi Halldórsson
lögilltur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		304.334.897	332.823.511
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld		(2.486.931)	(16.782.332)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		(54.968.511)	116.527.497
		<u>246.879.455</u>	<u>432.568.676</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	58.515.590	55.923.612
Annar rekstrarkostnaður		39.469.262	40.769.926
		<u>97.984.852</u>	<u>96.693.538</u>
Hagnaður af fjármálastarfsemi		148.894.603	335.875.138
Veittir styrkir		(28.916.638)	(35.985.923)
Hagnaður fyrir skatta		119.977.965	299.889.215
Tekjuskattur	5,11	(18.708.307)	(23.881.907)
Hagnaður ársins		<u>101.269.658</u>	<u>276.007.308</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2010

Eignir	Skýr.	2010	2009
Markaðsverðbréf	7	1.760.312.073	923.767.755
Fjárfestingaverðbréf	8	992.354.333	989.626.831
Skuldabréf og aðrar kröfur	9	494.633.942	493.365.645
Tekjuskattsinnæign	11	157.421.663	142.822.278
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	5.408.351	7.676.966
Aðrar eignir		424.862.226	429.735.008
Handbært fé		462.871.283	1.268.229.286
		<u>4.297.863.871</u>	<u>4.255.223.769</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Stofnsjóður félagsmanna		8.677.500	8.262.500
Lögbundinn varasjóður		2.169.375	2.065.625
Óráðstafað eigið fé		4.196.005.820	4.094.839.912
		<u>4.206.852.695</u>	<u>4.105.168.037</u>
Skuldir og skuldbindingar			
Lántaka		0	46.888.986
Aðrar skuldir		91.011.176	103.166.746
		<u>91.011.176</u>	<u>150.055.732</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.297.863.871</u>	<u>4.255.223.769</u>



SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		101.269.658	276.007.308
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gangvirðisbreytingar eigna og skulda		(36.049.282)	(167.759.019)
Aðrir liðir		(12.330.770)	(23.853.408)
		<u>52.889.606</u>	<u>84.394.881</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur og aðrar eignir		4.872.782	11.561.691
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir og aðrar skuldir		(12.155.570)	(19.707.475)
		<u>(7.282.788)</u>	<u>(8.145.784)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>45.606.818</u>	<u>76.249.097</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð markaðsverðbréfa		(2.511.745.982)	(1.408.483.838)
Söluverð markaðsverðbréfa		1.759.901.385	671.183.300
Kaupverð fjárfestingaverðbréfa		(59.464.643)	(14.000.000)
Söluverð fjárfestingaverðbréfa		1.666.000	0
Kaupverð skuldabréfa og krafna		0	(217.960.091)
Afborganir skuldabréfa og krafna		5.553.897	245.492.797
		<u>(804.089.343)</u>	<u>(723.767.832)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Stofnsjóður félagsmanna	10	415.000	522.500
Afborganir langtímaskulda		(47.290.478)	(228.604.890)
		<u>(46.875.478)</u>	<u>(228.082.390)</u>
Lækkun á handbæru fé		(805.358.003)	(875.601.125)
Handbært fé í byrjun ársins		1.268.229.286	2.143.830.411
Handbært fé í lok ársins		<u>462.871.283</u>	<u>1.268.229.286</u>
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir		(1.706.583)	(6.936.083)
Greiddir skattar		(46.231.677)	(63.203.792)
Innborgaðar vaxtatekjur		209.135.568	303.824.096

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo slíkt mat sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélagsins KEA eigna ehf.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Innlausn tekna

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar á markaðs- og fjárfestingaverðbréfum eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)****Tekjuskattur**

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Innréttingar og húsgögn	5-10 ár
Bifreið	5 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Fjármálagerningar

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum eru færðir meðal fjárfestingaverðbréfa. Þeir eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu en ekki samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru ekki innifaldir í samstæðunni þar sem starfsemi þessara félaga er mjög ólík starfsemi móðurfélagsins. Eina undantekningin frá þessu er dótturfélagið KEA eignir ehf. sem er 100% í eigu KEA svf. KEA eignir ehf. er eignarhaldsfélag eins og móðurfélagið og er það innifalið í ársreikningi samstæðunnar.

Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2011. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh.)**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrætti á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Tekjuskattsinneign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færast til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin við því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Lántaka

Lántaka er færð á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna lántöku eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu, s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

4. Launamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2010	2009
Laun	37.482.166	36.897.300
Launatengd gjöld	14.344.553	11.812.349
Laun og launatengd gjöld stjórnar	6.688.871	7.213.963
	<u>58.515.590</u>	<u>55.923.612</u>

Meðalfjöldi starfsmanna 4 4

Laun og þóknarir til stjórnar og stjórnenda námu 20,7 millj. króna á árinu og greinast þannig:

Haldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri	15.060.000
Hannes Karlsson, formaður stjórnar	1.304.500
Björn Friðbjólfsson, varaformaður stjórnar	980.500
Erla Björg Guðmundsdóttir, ritari	656.500
Hallur Gunnarsson, meðstjórnandi	656.500
Jóhannes Ævar Jónsson, meðstjórnandi	656.500
Birgir Guðmundsson, meðstjórnandi	513.000
Ólína Freysteinsdóttir, meðstjórnandi	440.500
Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi	224.500
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi	216.000
Friðjón Guðmundur Jónsson, varamaður	35.500
	<u>20.744.000</u>

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris-, eftirlaunagreiðslur eða kaupauka.

5. Skattar ársins

Reiknaður tekjuskattur samstæðunnar af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2010	2009
Hagnaður fyrir skatta	119.977.965	299.889.215
Skatthlutfall, 18% (15% árið 2009)	21.596.034	44.983.382
Áhrif vegna breytinga á skattalögum	(15.742.166)	(23.803.713)
Skattfrjálsar tekjur (varanlegir mismunir t.d. arður)	(2.133.750)	(797.245)
Ófrádráttarþær gjöld	15.043.428	5.374.483
Aðrir liðir	(55.239)	(1.875.000)
	<u>18.708.307</u>	<u>23.881.907</u>

SKÝRINGAR

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttingar og húsgögn	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	5.590.000	2.086.966	7.676.966
Afskrifað á árinu	(1.560.000)	(708.615)	(2.268.615)
Bókfært verð í árslok	<u>4.030.000</u>	<u>1.378.351</u>	<u>5.408.351</u>

Afskrifir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.

7. Markaðsverðbréf

Skráð markaðsverðbréf greinast þannig:

	Markaðsverð
Ríkisskuldabréf	1.661.512.244
Íbúðabréf	98.799.829
Skráð markaðsverðbréf samtals	<u>1.760.312.073</u>

8. Fjárfestingaverðbréf

Eignarhlutir í fjárfestingaverðbréfum greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð
AEK hf	100,00%	4.000.000
Ásprent - Stíll ehf	59,06%	78.550.000
City Center Properties (NOK)	7,75%	8.525.000
Fasteignafélagið Klappir ehf	100,00%	500.000
Ferro Zink hf	44,00%	2.875.136
Fjárfestingafélagið Urðir ehf	100,00%	8.086.594
Grand hótél Mývatn ehf	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf	29,20%	22.675.730
Grófargil ehf	30,00%	150.000
H98 ehf	50,00%	25.250.000
Hilda ehf	9,40%	9.130.435
Hraun í Öxnadal ehf	16,67%	2.000.000
Hreinsitækni ehf	22,91%	1.000.000
Kælistiðjan Frost ehf	20,75%	415.000
Norðurvegur ehf	27,00%	5.000.000
Norlandair ehf	13,18%	16.666.667
Saga Eignarhaldsfélag hf	9,40%	9.130.435
Slippurinn Akureyri ehf	10,00%	5.000.000
Sparisjóður Höfðhverfinga	35,00%	41.351.940
Sýni ehf	1,77%	545.455
Tækifæri hf	33,44%	255.606.225
Útgáfufélagið ehf	87,10%	7.840.000
Þekking - Tristan hf	50,00%	76.763.820



SKÝRINGAR

9. Skuldabréf og aðrar kröfur

Afborganir af skuldabréfum og öðrum kröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011	319.634.167
Árið 2012	33.870.924
Árið 2013	33.870.924
Árið 2014	33.870.924
Árið 2015	33.870.924
Síðar	39.516.079
	<u>494.633.942</u>

10. Eigið fé

	Stofnsjóður félagsmanna	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	8.262.500	2.065.625	4.094.839.912	4.105.168.037
Innborgað í stofnsjóð	415.000			415.000
Hagnaður ársins			101.269.658	101.269.658
Tillag í lögbundinn varasjóð		103.750	(103.750)	0
Staða í árslok	<u>8.677.500</u>	<u>2.169.375</u>	<u>4.196.005.820</u>	<u>4.206.852.695</u>

11. Tekjuskattsinnæign

Staða í ársbyrjun	142.822.278
Reiknaður tekjuskattur	(18.708.307)
Tekjuskattur til greiðslu	33.307.692
Staða í árslok	<u>157.421.663</u>

Tekjuskattsinnæign greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(10.806)
Skuldabréf og aðrar kröfur	162.643.329
Gengismunur	(5.210.861)
	<u>157.421.663</u>

12. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 136,3 milljónum króna og eru sjálfskuldarábyrgðir sem félagið hefur veitt.

